Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarráðs
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 25.06.2019
1805150 HS

**Efni: Deiliskipulag Æðarodda - breyting vegna reiðskemmu**

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 18. júní 2019, var fjallað um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Æðarodda sem auglýst var frá 26. apríl t.o.m. 14. júní skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust.

*Bókun skipulags- og umhverfisráðs.*

Skipulagsvæðið nær til hluta lóðar sem hestamannafélagið hefur verið með til afnota. Felst breytingin m.a. í að afmörkuð er lóð fyrir reiðskemmu, norðan aðkomuleiðar að hverfinu, vegi syðst á skipulagssvæðinu er breytt til samræmis við núverandi legu.

Komið hefur ósk um að byggingareitur verði færður frá reiðleið um 2.metra frá auglýstu skipulagi. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir þá breytingu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Hafdís Sigurþórsdóttir
fulltrúi

Meðf.: Deiliskipulagsuppdráttur